

Uppkast að

Auglýsing um nýtingu lands og landsréttinda innan Þjóðlendu

8.2.2019

Skeiða og Gnúpverjahreppur auglýsir til leigu lóð á landi sem nefnt er Hólaskógur. Lóðin er á afrétti Gnúpverja og er landið Þjóðlenda.

Það er stefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps að byggð verði upp aðstaða fyrir ferðamenn við Hólaskóg ásamt því að hafa þar góða aðstöðu fyrir fjallmenn við smölun.

Unnið er að friðlýsingu Þjórsárdals og er Hólaskógur í jaðri svæðisins.

Mannvirki þ.e. fjallaskáli byggður 1998 er á lóðinni og mun leigutaki þurfa að kaupa hann.

Umrætt svæði er á Þjóðlendu (Gnúpverjaafrétti) skv. úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 7/2000. Í ljósi þess þarf leyfi sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um Þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlenda og áfrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur samþykkt deiliskipulag fyrir umrætt svæði.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- hvernig viðkomandi hyggst nýta lóðina í þeim tilgangi að hafa þar þjónustu fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um svæðið,
- frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti,
- þekking og reynsla viðkomandi aðila af rekstri gisti- og afþreyingarþjónustu, s.s. gistihúsa á miðhálandinu og starfsemi afréttarskála,
- reynslu af gerð og viðhaldi göngustíga og annarra ferðaþjónustutengdra mannvirkja.
 - Hugmyndir að nýtingu eldri fjallaskála og safngirðinga sauðfjár ásamt varðveislu gamals fjallmannakofa á svæðinu.
 -

Upplýsingar um deiliskipulag svæðisins má nálgast hjá skipulagsfulltrúa á skrifstofu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið tillögu að notkun á umræddu svæði til sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps, eigi síðar en miðvikudaginn 27. febrúar nk. Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps í síma 486-6113. Tölvupóstfang sveitarstjóra er kristofer@skeidgnup.is

Árnesi